

**Kjarasamningur
milli
Samtaka atvinnulífsins vegna Elkem Ísland ehf. annars vegar
og
Félags iðn- og tæknigreina, Rafiðnaðarsambands Íslands vegna aðildarféлага,
Stéttarfélag Vesturlands, Verkalýðsfélags Akraness og VR hins vegar.**

1. gr.

Samningstími

Síðastgildandi kjarasamningur aðila framlengist til 31. desember 2020 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Samið er nú til skamms tíma í ljósi ytri aðstæðna sem fyrirtækið stendur frammi fyrir.

2. gr.

Launaákvæði

1. janúar 2020 hækka laun um 2,5%. Orlofs- og desemberuppbót hækka um sama hlutfall.

3. gr.

Á samningstímabilinu mun Elkem veita starfsmönnum, sem eru í starfi 1. janúar 2020, frí / hvíld sem hér segir:


Ofngæslumenn á 5/5 vöktum fá eina vakt (8 klst.) í frí á tímabilinu 1. maí til 31. des. 2020 án skerðingar launa. Auk þess falla tveir skiladagar niður. Ofngæslumenn skuldbinda sig áfram til að leggja fram eina skilavakt og hafa því rétt til alls 32 fleytitíma sem þeir geta nýtt á þeim tímum árs sem fjarvistum má mæta með afleysingamönnum.

Starfsmenn á 7/7 vöktum fá 13 klst. aukalega í frí á tímabilinu frá 1. maí til 15. september 2020 og eina frívakt (9,67 klst.) á tímabilinu 16. sept. til 31. des. 2020.

Dagmenn og iðnaðarmenn fá þrjá daga (3 x 7,5 tíma) í frí á tímabilinu 1. maí til 31. des. 2020.

Frí skv. ofanskráðu miðast við að starfsmaður sé í fullu starfi frá 1. janúar 2020. Starfsmaður í hlutastarfi frá sama tíma nýtur hlutfallslegs réttar.

Frí samkvæmt ofanskráðu verður felld inn í kjarasamninginn frá og með 1. janúar 2021.



Reykjavík, 13. febrúar 2020

F.h. hlutaðeigandi verkalýðsfélaga

Vinnu Breytun

Kristin Þórunn Bragason

Sigurður Ágústsson

Helmi Helmi

Ragnheiður Björnsdóttir

Sigrún Jónsdóttir

Helga Jónsdóttir

Carl Jóhan Ólafsson

Gudrun Sig

Jónas Jónsson

Ólafur Ólafsson

F.h. Samtaka atvinnulífsins

vegna Elkem Ísland ehf.

Pjetur Ólafsson

Ragnheiður

Bókun

um samræmingu grunnlauna ofngæslumanna og verkamanna í ofnhúsi

Frá og með 1. janúar 2020 gilda sömu grunnlaun fyrir ofngæslumenn 5/5 og verkamenn í ofnhúsi 7/7. Byrjunarlaun, með umsaminni hækkun skv. kjarasamningi, verða kr. 333.741. Frá sama tíma verða eftirfarandi breytingar á kjarasamningi:

- Ferða- og frágangsgreiðsla ofngæslumanna á 5/5 vöktum, sbr. gr. 3.15.2, verður 0,8% af grunnlaunum. Hlutfall vegna 7/7 vakta í ofnhúsi breytist ekki (sjá launatöflu)
- Ofngæslumenn á 5/5 vöktum fá greiddar 18 ferðir á mánuði í stað 20 áður.

Reykjavík, 13. febrúar 2020

KN

21

gfu sat af
20 22

psn tb

Yfirlýsing Elkem um breytingar á verklagi vegna ferðagreiðslna

Elkem greiðir starfsmönnum, sem ekki eiga þess kost vegna búsetu að nýta skipulagðar ferðir milli Akraness og Grundartanga, kílómetragjald vegna notkunar á eigin bifreið. Frá 1. janúar 2020 miðast greiðsla þessi við allt að 38 km á vinnudag / vakt og miðast fjarlægð við skráð aðsetur starfsmanns skv. þjóðskrá eða raunverulega búsetu hans sé hún nær í fjarlægð.


Reykjavík, 13. febrúar 2020


f.h. Elkem Ísland ehf.

Yfirlýsing Elkem vegna verklags um sveigjanleg starfslok

Elkem hefur kynnt stefnu fyrirtækisins í tengslum við starfslok vegna aldurs, sbr. yfirlýsingu fyrirtækisins dags. 20.5.2018 sem unnin var í samvinnu við trúnaðarmannaráð. Stefnu Elkem verður ekki breytt nema í samvinnu við trúnaðarmenn og aðra hagsmunaaðila.

Reykjavík, 13. febrúar 2020



f.h. Elkem Ísland ehf.

Elkem Ísland

Launataxtar, gilda frá 1.01.2020

Tafla nr. 89

	Byrjunar- laun	Eftir 1 ár	Eftir 3 ár	Eftir 5 ár	Eftir 7 ár	Eftir 10 ár
Ofngæslumenn 5/5						ABA2
Grunnlaun	333.741	353.765	367.115	377.127	387.140	393.814
Vaktaálag 37,62%	125.553	133.086	138.109	141.875	145.642	148.153
Mánaðarlaun	459.294	486.851	505.224	519.002	532.782	541.967
Ferðap. á mán. 18	48.060	50.940	52.866	54.306	55.746	56.718
Föst laun	507.354	537.791	558.090	573.308	588.528	598.685
Dagvinna	3.148	3.336	3.462	3.557	3.651	3.714
Yfirvinna	3.805	4.033	4.185	4.299	4.413	4.489
Stórhátíðavinna	5.240	5.554	5.764	5.921	6.078	6.183
Ferðapeningur	2.670	2.830	2.937	3.017	3.097	3.151
Mismunur yv-dv	553	586	608	624	640	651

Verkamenn í ofnhúsi 7/7						ABB7
Grunnlaun	333.741	353.765	367.115	377.127	387.140	393.814
Vaktaálag 22,44%	74.891	79.385	82.381	84.627	86.874	88.372
Mánaðarlaun	408.632	433.150	449.496	461.754	474.014	482.186
Ferðap. á mán. 16	48.064	50.944	52.864	54.304	55.744	56.704
Föst laun	456.696	484.094	502.360	516.058	529.758	538.890
Dagvinna	2.619	2.777	2.881	2.960	3.039	3.091
Yfirvinna	3.805	4.033	4.185	4.299	4.413	4.489
Stórhátíðavinna	5.240	5.554	5.764	5.921	6.078	6.183
Ferðapeningur	3.004	3.184	3.304	3.394	3.484	3.544
Mismunur yv-dv	877	930	965	991	1.017	1.035

Verkamenn í ofnhúsi - dagmenn						ABC1
Grunnlaun	341.196	361.668	375.316	385.551	395.787	402.611
Vaktaálag 0	0	0	0	0	0	0
Mánaðarlaun	341.196	361.668	375.316	385.551	395.787	402.611
Ferðap. á mán. 22	67.562	71.610	74.316	76.340	78.364	79.706
Föst laun	408.758	433.278	449.632	461.891	474.151	482.317
Dagvinna	2.187	2.318	2.406	2.471	2.537	2.581
Yfirvinna	3.890	4.123	4.279	4.395	4.512	4.590
Stórhátíðavinna	5.357	5.678	5.892	6.053	6.214	6.321
Ferðapeningur	3.071	3.255	3.378	3.470	3.562	3.623
Mismunur yv-dv	1.270	1.346	1.397	1.434	1.473	1.498

Orlofs- / desember-uppbót 233.095